# Fundargerð

188. fundur íþrótta- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
15. nóvember 2024, kl. 08:15

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir formaður, Hjördís Baldursdóttir, Marta Sigurðardóttir, Sindri Kristinn Ólafsson og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Hafþór Barði Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi, Rúnar Vífill Arnarson formaður Íþróttabandalags Reykjanesbæjar, Frosti Kjartan Rúnarsson fulltrúi ungmennaráðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Íþrótta- og tómstundaráð samþykkir einróma að taka á dagskrá málið Mannréttindastefna Reykjanesbæjar - drög til umsagnar (2020021548). Fjallað er um málið undir dagskrárlið 9.

* * *

1. **Frístundastefna Reykjanesbæjar - vinnuferli (2023050566)**

   Ólafur Bergur Ólafsson frístundaleiðbeinandi mætti á fundinn og kynnti vinnu við frístundastefnu Reykjanesbæjar.

   Myndun stýrihóps er langt komin og vinna við stefnuna er að fara á fulla ferð.

   Íþrótta- og tómstundaráð þakkar fyrir góða kynningu og hlakkar til að fylgjast með vinnunni sem framundan er.

2. **Skýrsla vallarstjóra UMFN (2024040245)**

   Skýrsla vallarstjóra Ungmennafélags Njarðvíkur lögð fram.

3. **Framtíðaruppbygging íþróttamannvirkja og svæða (2022050239)**

   Eva Stefánsdóttir formaður íþrótta- og tómstundaráðs fór yfir vinnu er varðar framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja og -svæða vestan Reykjaneshallar.

4. **Heimsmeistaramót í kraftlyftingum (2024110159)**

   Heimsmeistaramótið í kraftlyftingum fór fram dagana 11.-16. nóvember í Ljónagryfjunni í Njarðvík.

   Íþrótta- og tómstundaráð Reykjanesbæjar vill koma á framfæri kærum þökkum til stjórnar Massa, kraftlyftingadeildar Njarðvíkur og Kraftlyftingasambands Íslands fyrir glæsilegt mót og metnaðarfulla umgjörð heimsmeistaramótsins í kraftlyftingum. Sérstakir þakkir fá allir sjálfboðaliðar sem lögðu hönd á plóg.

5. **Upplýsingagjöf íþrótta- og tómstundafulltrúa (2024050049)**

   Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi málaflokksins.

6. **Fjárhagsáætlun íþrótta-, tómstunda- og lýðheilsumála 2025 (2024080166)**

   Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi fór yfir vinnu er tengist fjárhagsáætlun 2025 en fyrri umræða fer fram í bæjarstjórn innan skamms.

7. **Drög að samþykkt Reykjanesbæjar um götu- og torgsölu (2024090334)**

   Umhverfis- og skipulagsráð óskar eftir umsögnum nefnda og ráða um drög að samþykkt Reykjanesbæjar um götu- og torgsölu.

   Íþrótta- og tómstundaráð felur Evu Stefánsdóttur formanni ráðsins að koma athugasemdum ráðsins áfram ef einhverjar eru.

8. **Drög að samþykkt um skilti í lögsögu Reykjanesbæjar (2019090067)**

   Umhverfis- og skipulagsráð óskar eftir umsögnum nefnda og ráða um drög að samþykkt um skilti í lögsögu Reykjanesbæjar

   Íþrótta- og tómstundaráð felur Evu Stefánsdóttur formanni ráðsins að koma athugasemdum ráðsins áfram ef einhverjar eru.

9. **Mannréttindastefna Reykjanesbæjar - drög til umsagnar (2020021548)**

   Bæjarráð óskar eftir umsögnum um drög að mannréttindastefnu Reykjanesbæjar.

   Íþrótta- og tómstundaráð felur Evu Stefánsdóttur formanni ráðsins að koma athugasemdum ráðsins áfram ef einhverjar eru.

_______________________________

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:11.